

Fimmtudaginn 7. desember 1995.

Nr. 394/1994.

Arnar Ævarsson

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Jóni Þorvarðarsyni og

Þórunni Snorradóttur

og til réttargæslu

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Fasteign. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1994 og krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 3.123.042 krónur, aðallega með vöxtum eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. febrúar 1992 til 27. janúar 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. febrúar 1992 til 30. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjanda var veitt gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 16. febrúar 1995.

Stefndu krefjast þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að stefnukröfur verði lækkaðar og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur, enda engar dómkröfur gerðar á hendur honum.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefndu, að ekki væri vefengt, að áfrýjanda hefði í umrætt sinn skrikað fótur í hálku.

Ekki er deilt um, að stefnda Þórunn mokaði snjó af tröppum og stétt fyrir framan kjallarainngang hússins. Um þetta segir áfrýjandi í skýrslu fyrir héraðsdómi: „Nú, við kíkjum þarna yfir og það var búið að þrifa . . . gangveginn . . .“. Síðar í framburði hans segir: „. . . það var búið að moka þarna allt sem sagt . . . Þannig að það leit út fyrir eins og það væri búið að þrifa allt og við álitum það og . . . ákváðum að ganga niður og nema það hafði gleymst þessi þröskuldur og ég stíg ofan á hann og renn.“ Í sama þinghaldi var hann spurður af lögmanni sínum, hvort hann hefði álitnið, að leið inn um kjallaradyrnar væri hættulaus, þar sem búið hafi verið að þrifa gangveginn. Svaraði áfrýjandi því játandi.

Áfrýjandi og samstarfsmaður hans störfuðu hjá seljanda vélarinnar, m. a. við að aka heimilistækjum til viðskiptamanna hans. Mátti þeim vera ljóst, að þeir gátu ekki treyst því, að enginn hálkublettur yrði á leið þeirra, þótt snjór hefði verið mokaður úr tröppum og við kjallarainngang. Telja verður óvarlegt af þeim að kanna ekki ræki-lega aðstæður, áður en þeir hófust handa um að bera þunga þvottavél niður tröppurnar og inn í húsið, ekki síst þegar litið er til þess, hvernig veðri og færð var háttað umrætt sinn.

Stefnda Þórunn mátti gera ráð fyrir, að flutningamennirnir gættu nauðsynlegrar varkárni við starf sitt. Verður eigi talið, að ástæða hafi verið til, að hún leiðbeindi þeim í því efni. Við þær aðstæður, sem hér um ræðir, eru ekki heldur efni til að gera svo ríkar kröfur til eigenda íbúðarhússins, að þeir gerðu gangveg sem þennan svo úr garði, að hvergi gætti háلكu.

Staðfesta ber héraðsdóm með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna hans.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjaf-sóknarlaun lögmans áfrýjanda ákveðast eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Arnars Ævarssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun lögmans hans, Andra Árnasonar hæstaréttarlögmans, 130.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1994.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 27. janúar sl.

Stefnandi er Arnar Ævarsson, kt. 110768-4789, Kárástíg 3, Reykjavík.

Stefndu eru Jón Þorvarðarson, kt. 230754-3139, og Þórunn Snorradóttir, kt. 050253-2529, bæði til heimilis í Háagerði 47, Reykjavík.

Þá er Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, stefnt til réttargæslu, en ekki eru gerðar neinar kröfur á hendur félaginu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 4.000.000 kr. ásamt 2,6% ársvöxtum frá 24. febrúar 1992 til 1. apríl 1992, með 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1992, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1992, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1993, með 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá stefnubirtingardegi. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að með töldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur stórlækkaðar. Jafnframt krefjast stefndu í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

II.

Hinn 24. febrúar 1992 var stefnandi við vinnu sína við útkeyrslu hjá Heimiliskaupum hf. Höfðu stefndu keypt þvottavél hjá fyrirtækinu, og sáu stefnandi og annar starfsmaður Heimiliskaupa hf. um að flytja vélina heim til stefndu í Háagerði 47 hér í borg, en heimflutningur og uppsetning vélarinnar fylgdi með í kaupunum. Skyldi vélinni komið fyrir í kjallara hússins. Var verkið unnið þannig, að stefnandi gekk aftur á bak niður kjallaratröppurnar með þvottavélina í fanginu, en samstarfsmaður hans gekk á eftir honum og hélt við hinn enda vélarinnar, sem er um 70 kg að þyngd. Um daginn hafði gengið á með snjóéljum, skúrum og slydduéljum, og hafði stefnda, Þórunn, mokað útidyratröppurnar niður að kjallara hússins. Jörð var snævi þakin og hitastig rétt undir frostmarki. Hrasaði stefnandi á leið sinni inn um kjallaradyrnar og datt með þeim afleiðingum, að annar handleggur

hans brotnaði. Kveðst hann hafa stigið á þröskuldinn, runnið til á honum og hrasað. Hafi hann borið höndina fyrir sig og hún brotnað við það. Var lögregla kvödd á vettvang, og segir í skýrslu hennar um málið, að stefnandi hafi runnið [til] og dottið, er hann steig á þröskuldinn í dyragættinni, sem hafi verið ísi lagður. Í vottorði læknis á slysadeild Borgarspítalans er hins vegar haft eftir stefnanda, að hann hafi hnotið um þröskuldinn og dottið aftur fyrir sig.

Stefnandi var metinn til 10% varanlegrar örorku auk 100% örorku í sex mánuði vegna afleiðinga slyssins.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að af reglum skaðabótaréttar sé ljóst, að eigendur og/eða umráðamenn fasteigna, í þessu tilviki stefndu, beri ábyrgð, ef umbúnaður fasteigna er ófullnægjandi eða til þess fallinn að valda utanaðkomandi aðila tjóni. Þar sem stefndu hafi engar ráðstafanir viðhaft til að eyða ís af þröskuldi við kjallaradyr, verði að telja, að þau hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með athafnaleysi sínu, þar sem þau hafi vitað eða a. m. k. mátt vita af hættunni, sem af þröskuldinum gat stafað við þær aðstæður, sem þar voru, en snjóað hafi sama dag, auk þess sem frost hafi verið í jörðu. Hafi stefndi, Jón, af þeim sökum mokað kjallaratröppurnar, en augljóslega láðst að eyða ís af þröskuldi við kjallaradyrnar og koma þannig í veg fyrir hættu, sem af því gat stafað. Stefnda, Þórunn, hafi hins vegar haft umsjón með burði þvottavélarinnar með því að segja stefnanda og samstarfsmanni hans til um það, að farið skyldi með vélina inn um kjallaradyrnar.

Stefndu, öðru eða báðum, hafi borið að gera ráðstafanir til eyðingar íssins eða vara stefnanda sérstaklega við hættunni, sem af klakanum gat stafað. Verði að telja athafnaleysi stefndu sérstaklega ámælisvert í ljósi þess, að þau áttu von á mönnum inn um kjallaradyrnar, berandi aftur á bak 70 kg þvottavél.

Verði ekki fallist á, að stefndu séu bótaskyld samkvæmt almennu skaðabótareglunni, verði að telja, að rík rök séu fyrir því að fella á stefndu sem eigendur umræddrar fasteignar bótaábyrgð samkvæmt víðtækari (strangari) reglum skaðabótaréttar. Þá verði einnig að telja, að gera megi minni kröfur um sakarmat en sakarreglan gerir ráð fyrir.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að slys stefnanda verði hvorki talið til atvika eða áhættu, sem stefndu beri á fébótaábyrgð að lögum, heldur hafi slysið orðið af óhappatilviljun og eigin vangæslu stefnanda. Hvíli sönnunarbyrðin á stefnanda um bótaskyld atvik og orsakatengsl.

Óvíst sé, hvort stefnandi missti fótanna við að hnjóta um dyraþröskuld-

inn eða skrika til á honum, en stefndu beri ábyrgð á hvorugu. Þröskuldurinn hafi verið án vansmíði eða vanbúnaðar og ekkert hálli en gengur og gerist annars staðar í borginni á vetrum, þegar snjór er og hálka. Myndist hvarvetna einhver hálka eða ísing, þar sem snjór liggur yfir og á skiptast rigningar, snjóél og slydda og hitastig ýmist um eða undir frostmarki, en þannig hafi verið ástatt, þegar óhappið varð. Ógerningur sé að afstýra eða eyða hálku og ísmyndunarblettum, sem komi og fari ýmist hér og ýmist þar, þegar svo stendur á. Hálkuslys séu algeng hérlandis á útidyratröppum, gangstéttum, götum og gangstígum og ógerningur að koma í veg fyrir þau við íslenskar veðurfarsaðstæður. Hvíli enda ekki skylda að lögum á íslenskum fasteignaeigendum að íseyða á dyraþröskuldum, tröppum og gangstéttum við hús sín að viðlagðri skaðabótaábyrgð. Sé hálka og ísmyndun að vetrarlagi við aðkomur húsa sem og á götum og gangstéttum öllum kunn, og verði menn sjálfir að varast hana, þ. á m. með viðeigandi fótabúnaði. Sé út í hött, að í því felist sök, hvað þá stórfelld, að íseyða ekki útidyratröskulda, eins og stefnandi haldi fram. Bendi ekkert til þess, að einhver sérstök hálka eða ísing hafi verið á þröskuldinum og valdið óhappinu. Sé raunar ósannað, að íseyðing hefði nokkru breytt um hrösun og óhapp stefnanda. Stefndu hafi mokað og hreinsað kjallarainnganginn með tíðkanlegum hætti, áður en útkeyrslumenn komu, og verði ekki krafist frekari ráðstafana af þeim. Sé því ekki við stefndu að sakast um óhapp stefnanda.

Þá hvíli ekki að íslenskum rétti viðtækari skaðabótaskylda á fasteignaeigendum en almennar skaðabótareglur segi til um. Verði bótaábyrgð því ekki reist á „strangari“ reglum, eins og stefnandi fari fram á.

Útkeyrslumenn megi ávallt búast við hálku og ísingu í aðkomum húsa og við inngang þeirra við útkeyrslu heimilistækja á vetrum, þegar snjór liggur yfir. Verði útkeyrslumenn sjálfir að kunna fótum sínum forráð við slíkar aðstæður og haga fótabúnaði sínum með tilliti til þess. Hafi stefnandi mátt vita, eins og veðurfari var háttað, að hálka gæti leynst í tröppunum og kjallaradyrunum. Hafi stefnandi ekki gætt sín sem skyldi, er þeir félagar báru þvottavélina inn í kjallarann, og slysið orðið sökum þeirrar vangæslu hans og óhappatilviljunar. Verði stefnandi að framangreindu virtu að bera sjálfur allt tjón sitt.

Verði ekki á aðalkröfu fallist, er varakrafa á því reist, að slysið megi að mestum hluta rekja til óhappatilviljunar og vangæslu stefnanda sjálfs, en jafnframt beri að stórlækka stefnukröfur.

IV.

Eigi verður fyllilega ráðið af gögnum málsins, hvort slys það, sem hér um ræðir, varð fyrir það, að stefnandi steig á þröskuldinn í kjallaradyrunum og

rann til á honum vegna háлку eða hnaut um hann með fyrrgreindum afleiðingum.

Upplýst er, að stefnda, Þórunn, hafði mokað tröppurnar og hreinsað kjallarainnganginn á húsi stefndu, og verður að telja, að með því hafi verið gerðar þær varúðarráðstafanir af hálfu stefndu við ríkjandi aðstæður, sem krafist verður af hinum almenna fasteignareiganda héraendis, þar sem veðrátta er mjög rýsjótt og ávallt má gera ráð fyrir hálkumyndun.

Umrætt slys varð í febrúar, þegar búast má við háлку á útidyratröppum, gangstéttum, götum og gangstígum. Voru aðstæður með þeim hætti greint sinn, og mátti stefnanda sem útkeyrslumanni vera það ljóst og bar að taka tillit til þess við þvottavélarburðinn. Bar stefnanda því að kanna aðstæður á vettvangi og þar á meðal að gæta að því, hvort háлка leyndist á þeirri slóð, sem hann hugðist ganga aftur á bak, niður tröppur og yfir þröskuld, haldandi við annan mann á um 70 kg þvottavél. Ef háлка var á þröskuldinum, verður að telja, að auðvelt hefði verið fyrir stefnanda að varna slysi með því að stíga yfir hann.

Það er því niðurstaða dómsins, að stefndu hafi eigi sýnt af sér saknæma vanrækslu, sem leitt geti til bótaábyrgðar þeirra í máli þessu, heldur verði slysið rakið til óaðgæslu stefnanda sjálfs og hreinnar óhappatilviljunar. Þá hvílir ekki að íslenskum rétti víðtækari skaðabótaskylda á stefndu sem fasteignareigendum en almennar skaðabótareglur segja til um. Verður bótaábyrgð því eigi heldur felld á stefndu á grundvelli strangari bótaábyrgðar þeirra sem fasteignareigenda.

Með vísan til ofanritaðs ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Þorvarðarson og Þórunn Snorradóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Arnars Ævarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
